

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Lækjarvalla í Hörgárbyggð.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar samþykkti þann 21. nóvember 2007 breytt deiliskipulag athafna-, verslunar- og þjónustusvæðis við Lækjarvelli í Hörgárbyggð.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir breyttri stærð fjögurra lóða af 21 lóð fyrir athafna-, verslunar- og þjónustustarfsemi. Lóðarstærðir á skipulagssvæðinu eru frá 2.226 m<sup>2</sup> til 15.682 m<sup>2</sup>.

Breytingin á deiliskipulaginu hefur fengið meðferð skv. skipulags- og byggingarlögum.

Breytt deiliskipulag við Lækjarvelli öðlast þegar gildi.

*Hörgárbyggð, 25. janúar 2008.*

**Guðmundur Sigvaldason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2008